

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 384/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Magnúsi Karlssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1994. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ákærði verði dæmdur til greiðslu saksóknarkostnaðar til jafns við málsvarnarlaun. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

Ákærði var handtekinn á heimili sínu, skömmu eftir að ætlaður akstur hans var tilkynntur lögreglu. Í hinum áfrýjaða dómi er sakfelling ákærða byggð á framburði tveggja manna, en aðeins annar þeirra var yfirheyrður fyrir dómi. Ekki var til að dreifa öðrum, sem borið gátu um akstur ákærða. Ákærði hefur staðfastlega neitað sök. Samkvæmt þessu er ekki komin fram lögfull sönnun þess, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu. Með vísan til þess og 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er hann því sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða, eins og greinir í dómsorði.

Við meðferð málsins var ákærða ekki kynntur framburður þeirra, sem komu fyrir dóm, en hann vék frá eftir skýrslutöku sína, áður en aðrar yfirheyrslur hófust. Er þessi meðferð andstæð grundvallarreglum laga nr. 19/1991, sbr. 2. mgr. 122. gr. og 4. mgr. 129. gr. laganna.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Magnús Karlsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Vilhálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 16. maí 1994.

Ár 1994, mánudaginn 16. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-132/1994: Ákæruvaldið gegn Karli Magnúsi Karlssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. maí sl., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Keflavík 21. mars 1994 á hendur Karli Magnúsi Karlssyni, kt. 200470-5679, Hafnargötu 47, Keflavík, „fyrir ölvunarakstur með því að hafa aðfaranótt miðvikudags 19. janúar 1994 ekið bifreiðinni R-40434 undir áhrifum áfengis, en ákærði Þórir ók frá Heiðarholti 14 í Keflavík að heimili ákærða Karls, þaðan að veitingastaðnum Strikinu, Hafnargötu 37, og aftur að Heiðarholti 14. Ákærði Karl ók bifreiðinni frá Heiðarholti 14 að Aðalstöðinni hf. við Hafnargötu 86 og aftur að Heiðarholti 14 og síðan í morgunsárið enn á ný að Aðalstöðinni hf. (mál nr. 94.0144A-C).

Brot ákærða Þóris telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ákærða Karls við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, sbr. 100. gr. umferðarlaga, og sviptingar ökuréttar, sbr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga“.

Málavextir.

Miðvikudaginn 19. janúar 1994 kl. 06.20 barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um, að ökumaður bifreiðarinnar R-40434 væri ölvaður á Hafnargötu í Keflavík. Lögreglan fór á staðinn og kom að bifreiðinni kyrrstæðri við hús nr. 45 við Hafnargötu. Í ökumannssæti sat Þórir Örn Þórisson, kt. 051076-5249, Kambaseli 43, Reykjavík, og í farþegasæti Jón Þórhallsson, kt. 091169-3989, Heiðarholti 14, Keflavík. Viðurkenndi Þórir strax akstur undir áhrifum áfengis, en báðir sögðu þeir, að félagi þeirra, Karl Magnús Karlsson, ákærði í máli þessu, hefði ekið bifreiðinni fyrr um kvöldið. Væri hann nýfarinn úr bifreiðinni og heim til sín að Hafnargötu 47. Var ákærði sóttur,

og var þeim öllum tekið blóð til alkóhólákvörðunar, en að því búnu færðir í fangaklefa.

Ákæra var gefin út á hendur Karli Magnúsi og Þóri, og lauk máli Þóris með viðurlagaákvörðun. Ákærði Karl Magnús hefur hins vegar staðfastlega neitað sök og tók til varnar í máli þessu.

Aðdragandi að málinu var sá, að Jón og Þórir Örn sátu að drykkju heima hjá Jóni. Kom þá ákærði í heimsókn ásamt konu og barni, og ákváðu þeir félagar að fara saman á veitingastað. Fóru ákærði og fjölskylda hans heim til sín, en þeir Jón og Þórir ætluðu að sækja ákærða síðar um kvöldið á bifreið Jóns. Segja þeir Jón og Þórir, að Þórir hafi ekið bifreiðinni í þetta skipti, en ákærði segir, að Jón hafi setið undir stýri, þegar hann kom út í bifreiðina, og Jón hafi ekið á veitingastaðinn. Kona ákærða kom fyrir dóm og sagði, að hún hefði litið út um gluggann og séð, að Jón sat undir stýri.

Eftir „pöbbarölt“ í bænum héldu þeir heim til Jóns, og ber þeim öllum saman um, að Þórir hafi ekið í það skipti. Þegar þangað var komið, ákváðu þeir að kaupa áfengi hjá leigubifreiðarstjóra á Aðalstöðinni í Keflavík. Jón og Þórir segja, að ákærði hafi ekið á Aðalstöðina og heim til Jóns aftur. Ákærði segir, að Þórir hafi ekið þessa leið.

Undir morgun, er flaskan var tóm, vildi ákærði fara heim til sín. Fóru þeir enn á bifreiðinni, og segja Jón og Þórir, að ákærði hafi ekið þessa leið með viðkomu á Aðalstöðinni, þar sem keyptar voru samlokur og sígarettur. Aftur á móti segir ákærði, að Þórir hafi ekið alla leiðina. Þeir Jón og Þórir segja, að Þórir hafi ætlað að taka við akstrinum, er heim til ákærða var komið, og þess vegna hafi hann setið undir stýri, þegar lögreglan kom.

Hjá lögreglu voru þeir allir samprófaðir, og bar Jóni og Þóri saman í öllum atriðum.

Starfsstúlka á Aðalstöðinni, sem afgreiddi þá, var fengin til að skoða myndir úr safni lögreglunnar, ef vera kynni, að hún þekkti manninn aftur, sem ók í síðustu ökuferðinni. Hún treysti sér þó ekki til þess, og voru verjandi og ákærandi sammála um, að tilgangslaust væri að taka skýrslu af henni fyrir dómi.

Tengslum þeirra félaga var þannig háttað, að Þórir og Jón voru kunningjar til þriggja ára. Jón og ákærði unnu saman og höfðu þekkt í um fjóra mánuði. Þórir og ákærði hittust í fyrsta sinn þetta kvöld.

Niðurstæða.

Framburður Jóns og Þóris er samhljóða í öllum atriðum. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem geri framburð þeirra ótrúverðugan. Að vísu ber ákærði og kona hans, að Jón hafi ekið í fyrstu ökuferðinni, er ákærði var sóttur heim til sín, en það misræmi í framburði þykir ekki það mikið, að til

sýknu leiði. Ekki hefur heldur komið fram í málinu, að Jón og Þórir hafi haft ástæðu eða ávinning af því að koma sök á ákærða. Þykir framburður þeirra hafa verið stöðugur og trúverðugur, og ber því að leggja hann til grundvallar. Þykir því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru og þar eru rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði hefur einu sinni áður sætt refsingu og þá fyrir ölvunarakstur. Var hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 8. maí 1993 með sátt 13. júlí 1993. Sátt þessi hefur ítrekunaráhrif í máli þessu. Verður ákærði því dæmdur til greiðslu sektar, að fjárhæð 45.000 kr., og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði sinn hluta af kostnaði sektarinnar, 5.843 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., 40.000 kr., og saksóknarlaun, sem renna í ríkissjóð, 20.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Magnús Karlsson, greiði 45.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði sinn kostnað sakarinnar, 5.843 kr., 40.000 kr. í málskostnað til Vilhjálms Þórhallssonar hrl. og 20.000 kr. í saksóknarlaun.
